

Samtök íslenskra fiskimanna

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 12. febrúar 2013

Málefni: Umsögn Samtaka íslenskrar fiskimanna um frumvarp til laga um stjórn strandveiðar. Þskj. 219.

Vísað er til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis frá 25. janúar 2013 til Samtaka íslenskra fiskimanna þar sem óskað er eftir umsögn um mál 219, lög um strandveiðar.

Almennt um frumvarpið:


Samtök íslenskra fiskimanna gera þá kröfu á stjórnvöld að jafnræði verið virt við úthlutun aflaheimilda og að handfæraveiðar verði frjálssar svo sem tíðkaðist hér um alda skeið. Engar rannsóknir benda til þess að handfæraveiðar geti ógnað lífríkinu, þvert á móti benda þær rannsóknir sem til eru, til þess að veiðarfærið sé svo takmarkað að lífríkinu stafi engin hættu af notkun þess.

Í frumvarpi þessu er vissulega sumt til bóta sem að helst gagnast nýliðum og þeim sem að eru á smæstu og gangminnstu bátunum. En sá afli sem að ætlaður er til strandveiða er alltof lítill og þarf að bæta verulega við hann.

Um einstakar greinar:

Um 2. og 3 grein: Á orðanna hljóðan virðist sem að strandveiðileyfi verði gefin út til einstaklinga en ekki á tiltekin skip. Þar að auki er alltof lítill afli ætlaður til strandveiða.

Um 4. grein: S.í.f. telur óæskilegt að svæðisbinda strandveiðar. Aflinn er svo takmarkaður að engu máli skiptir hvar hann er tekinn. Einnig er varað við því að skipta aflanum jafnt á veiðitímabilin þar sem að fiskgeng er mjög misjöfn eftir svæðum og árstíma.



Samtök íslenskra fiskimanna

Um 7. grein: S.í.f. er mótfallið því að aðeins sé heimilt að veiðiferð standi í 14 klst. Engin rök eru fyrir þessari takmörkun þegar heildaraflí er takmarkaður. Þessi regla kemur verst niður á nýliðum, sem að litla þekkingu hafa á fiskimiðunum og þeirra sem að eru á gangminnstu bátunum. Einnig leggur S.í.f. til að áfram verði heimilt að nota 4 handfærarúllur kjósi menn það.

Um 8. grein: S.í.f. er alfarið á móti svæðisskiptingu strandveiða. Enginn rök eru fyrir slíkri skiptingu.

Um 9. grein: Fyrsta málsgrein 9. gr. er að mati S.í.f. óþörf.

Um 11. grein: Þessi grein er með öllu óþörf. Samkvæmt frumvarpinu er einungis ætluð 6700 tonn af óslægðum botnfiski í þessar veiðar, sem að dreifast á 4 mánuði. Engu máli skiptir hvar sá aflí er veiddur.

Að lokum:

Háttvirtir þingmenn, nefndarmenn í atvinnuveganefnd, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Kristján Möller, Ólína Þorvarðardóttir og Björn Valur Gíslason sem og aðrir þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar eru minntir á loforð sín um frjálssar handfæraveiðar fyrir síðustu kosningar. Það frumvarp sem að hér um ræðir er fjarri því að mæta þeim loforðum.

Tíminn til að efna það loforð er að renna út.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Björgvinsson
Formaður

Snæbjörn Þór Ingvarsson
Ritari